

## Reglur um útleigu á húsnæði í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. Félagsheimili, skólar og önnur hús í eigu sveitarfélagsins eru fyrst og fremst nýtt undir skilgreinda starfsemi á vegum þess. Heimilt er að leigja út húsnæði í samræmi við reglur þessar og er leiga innheimt samkvæmt gjaldskrá sem uppfærð er árlega.
2. Óheimilt er að leigja út húsnæði sveitarfélagsins í beinni samkeppni við þau fyrirtæki sem stunda gisti- og veitingarekstur í sveitarfélaginu. Þetta á þó ekki við um erfidrykkjur, brúðkaup, afmæli eða aðra viðburði sem tengist samveru fjölskyldna.
3. Heimilt er að leigutakar bjóði upp á mat sem þeir hafa framleitt sjálfir eða keypt af veitingastöðum. Óheimilt er hins vegar að selja mat í hinu leigða húsnæði nema að viðurkenndir veitingastaðir eigi í hlut. Öll sala áfengis er bönnuð öðrum en þeim sem hafa tilheyrandi leyfi.
4. Heimilt er að að víkja frá gjaldskrá ef áhugamannafélög og stofnanir sveitarfélagsins eiga í hlut. Þeim ber þó ávallt að greiða tilfallandi kostnað sem af útleigunni hlýst, svo sem þrif, flutning á borðum og stólum, gæslu og annað sem upp kann að koma.
5. Leigutaka ber að greiða STEF-gjöld vegna þeirrar samkomu sem haldin er í hinu leigða húsnæði. Þau eru ekki á ábyrgð sveitarfélagsins.
6. Leigu skal ávallt staðfesta með undirrituðum samningi vegna hins útleigða.
7. Almennt gildir að leigutaki grófþrifi húsnæði áður en því er skilað og kostnaður vegna fullnaðarþrifa bætist við leigugjald. Upphæð er breytileg eftir stærð húsnæðis.
8. Í lok leigutíma ber leigutaka að skila húsnæði og munum þess í sama ásigkomulagi og við upphaf leigu. Leigutaki ber kostnað af hugsanlegum skemmdum á leigutímanum.
9. Mögulegt er að leigja Þrykkjuna félagsmiðstöð og sundlaug sveitarfélagsins til afnota fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða hópa utan opnunartíma. Um þá leigu gilda sérstakar reglur.

Sveitarfélagið Hornafjörður

*Matthildur Ásmundarsdóttir*  
*bæjarstjóri*

*Samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd 18. nóvember 2020*  
*Samþykkt í bæjarráði 24. nóvember 2020*